

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990-2010, Borgartún 36.

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 29. mars 1995 staðfest breytingu, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990-2010, frá 20. febrúar 1992 með síðari breytingum.

Breytingin er fölginn í því að landnotkun á lóðinni nr. 36 við Borgartún breytist úr athafnasvæði í íbúðarsvæði.

Borgarstjórn Reykjavíkur tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytið, 2. júní 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Hrafn Hallgrímsson.

2. júní 1995

Nr. 341

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Bráðræðisholts í Reykjavík.

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 29. mars 1995 staðfest breytingu, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, á staðfestu deiliskipulagi Bráðræðisholts er síðast var breytt 19. október 1993.

Breytingin felst í því að heimilað er að byggja garðhýsi á lóðinni nr. 68 við Framnesveg.

Borgarstjórn Reykjavíkur tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytið, 2. júní 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Hrafn Hallgrímsson.

2. júní 1995

Nr. 342

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Akraness 1992-2012.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 2. júní 1995 staðfest aðalskipulag Akranesskaupstaðar 1992-2012. Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Akraness, 1980-2000 er staðfest var 3. maí 1982, með síðari breytingum.